



fæða, sem framleidd er á Íslandi, og því illt til þess að vita, að við skulum selja megnið af þessari veiði í bræðslu.

Nú munu margir segja, að ekki sé ástæða til þess, að ríkið fari að reka verksmiðju eins og þá, sem gert er ráð fyrir í frv., heldur sé það verk einstaklinga. Því er til að svara, að það er reynsla á Íslandi, að einstaklingar hafa verið mjög íregir að ráðast í útgjaldasöm fyrirtæki, ef ekki liggur fyrir fullkomin reynsla á afkomumöguleikum þeirra. Hins vegar er hér um mál að ræða, sem þolir ekki neina bið, og virðist það því eðlilegasta leiðin, að ríkið ríði á vaðið með slíkan verksmiðjurekstur, og mundi það þá verða til þess að örva einstaklinga eða bæjarfélög til að leggja út á sömu braut á eftir.

Verksmiðjumál það, sem frv. fjallar um, hefur mikið verið athugað af dr. Jakob Sigurðssyni, sem mælir eindregið með því, að lagt verði út í slíkan verksmiðjurekstur, og vísast að því leyti til greinargerðar hans, sem birt er hér sem fylgiskjal.

Á síðastliðnu sumri (1945) framkvæmdu þeir dr. Jakob Sigurðsson og Ingimundur Steinsson tilraunir með niðursuðu á sild á Siglufirði á vegum sildarverksmiðja ríkisins og fiskimálanefndar. Árangur þeirra tilrauna var sá, að sýnt þótti, að niðursoðin norðurlandssild væri góð vara, sem hægt væri að vænta mikils markaðs fyrir.

Margvísleg rök liggja til þess, að komið verði upp niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju fyrir sild. Er þar fyrst til að taka, að niðursoðin sild og sild lögð í dósir söltuð eða krydduð er miklu verðmætari heldur en nokkrar þær sildarafurðir, sem við flytjum út nú, og mundi því verða að þessu mikill gjaldreyrisávinningur fyrir þjóðina. Í öðru lagi mundi niðurlagning saltsildar eða kryddsildar í dósir skapa mikla atvinnu í þeim bæjum og þorpum norðanlands, sem byggja afkomu sína því nær eingöngu á sildveiðum og eiga því við stöðugt vetraratvinnuleysi að stríða. Loks mundi niðursoðin sild og sild lögð í dósir vera auðveld til flutnings á fjarlægari markaði heldur en þjóðin hefur flutt framleiðsluvörur sínar á fram að þessu.“

Flest það, sem hér er sagt, er enn í fullu gildi, og því þótti rétt að birta greinargerðina í heild. Fylgiskjal með frumvarpinu 1946 var álitserð um málið frá dr. Jakob Sigurðssyni. Þar er gert ráð fyrir niðursuðu og niðurlagningu sildar og birt áætlun um stofnkostnað og rekstrarkostnað.

Vegna breytingar á öllu verðlagi er áætlunin um stofnkostnað og rekstrarkostnað að nokkru leyti úrelt og því nauðsynlegt, að gerðar verði nýjar áætlanir, eins og þáttill. gerir ráð fyrir. Dr. Jakob Sigurðsson heldur því ákveðið fram í álitserðinni, að solumöguleikar fyrir niðursoðna og niðurlagða sild séu miklir, og færir fram margvísleg rök máli sínu til stuðnings. Til viðbótar því, sem dr. Jakob bendir á um sölu á niðursoðinni sild, má benda á, að margt bendir til þess, að mikill og öruggur markaður sé fyrir hendi fyrir slíkar vörur í Austur-Evrópu, ef unnið væri að því á skipulagðan hátt að selja slíka framleiðslu.

Í lögunum frá 1946 var ákveðið, að ráðherra skipaði þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjuna. En á þinginu 1947 var þessu ákvæði breytt og stjórn sildarverksmiðja ríkisins faldar allar framkvæmdir.

Í þau 12 ár, sem síðan eru liðin, hefur, að því sem bezt verður vitað, lítið sem ekkert verið gert í málinu.

Á þinginu 1958 flutti 1. flm. þessarar till. eftir beiðni verkamannafélagsins Þróttar á Siglufirði frv. til laga um stofnun og rekstur verksmiðju til vinnslu sjávarafurða á Siglufirði. Frumvarp þetta var í aðalatriðum byggt á lögunum frá 1946, en nokkru fyllra, og í því voru nokkur ákvæði, sem voru ekki í lögunum frá 1946—47. Frumvarpið náði ekki fram að ganga.

Á sama þingi var flutt af Karli Kristjánssyni o. fl. tillaga til þingsályktunar um hagnýtingu sildaraflans. Þingsályktunartillaga þessi bendir til þess, að mönnum sé ljóst, að hér sé um stórmál að ræða, sem geti haft mikla þýðingu fyrir

þjóðarbúið. Í greinargerð, sem fylgdi þingsályktunartillögum, er bent á, að síldaraflinn sé miklu minni nú en áður hafi verið og hafi augu manna opnast fyrir því, að miklu skipti, að hægt sé að gera hið tiltölulega litla síldarmagn, sem veiðist, að sem verðmætastri útflutningsvöru.

Að lokum er rétt að benda á, að um vetrarmánuðina er um verulegt atvinnuleysi að ræða á Siglufirði, m. a. vegna vöntunar á iðnaðarfyrirtækjum og hentugum fiskibátum og óhagstæðs veðurfars, sem torveldar sjósókn yfir veturinn og alla útivinnu. Af þessu leiðir, að mikill fjöldi verkafólks er tilneyddur að leita eftir atvinnu til fjarlægari staða um vetrarmánuðina.

Það er því hin mesta nauðsyn, að hafizt verði handa um að koma á fót nýjum iðnfyrirtækjum, svo sem niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðju. Slíkur verksmiðjurekstur mundi draga úr flóttu fólksins suður á land, draga úr atvinnuleysinu heima fyrir og auka gjaldeyriskjur þjóðarinnar.